

## Starfsleyfi gefið út fyrir Stofnfisk hf. Kalmanstjörn.

### 1. Aðdragandi

Þann 29. febrúar 2016 sótti Stofnfiskur hf. um starfsleyfi fyrir fiskeldisstöð sína að Kalmanstjörn. Stöðin hafi áður haft starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd Suðurnesja.

Þann 10. mars 2016 barst niðurstaða Skipulagsstofnunar um að ekki væri um nýja starfsemi að ræða og því ekki þörf á að matskyldufyrirspurn færi fram.

Starfsleyfisumsókn Stofnfisks hf. var samþykkt af Umhverfisstofnun þann 19. apríl 2016.

Við gerð starfsleyfisins kom í ljós að frárennsli fyrirtækisins uppfyllti ekki kröfur í 2. mgr. 9 gr. í reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skólþ. Samkvæmt reglugerðinni getur Heilbrigðisnefnd að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar veitt undanþágu frá þessum kröfum ef ómögulegt er vegna landfræðilegra aðstæðna að uppfylla þær. Umsóknin var því sett í bið þar til slík undanþága barst 2. nóvember 2016.

Með vísan í gr. 8.2 í reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, óskaði Umhverfisstofnun þann 27. mars 2017 eftir umsögn

Heilbrigðisnefndar Suðurnesja um starfsleyfistillöguna. Sú umsögn barst 29. mars 2017.

Í ljós kom einnig við vinnslu starfsleyfisins að ekkert deiliskipulag er í gildi á svæðinu. Með vísan í 16. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun var fengin umsögn viðkomandi skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa, sem barst Umhverfisstofnun 16. desember 2016, og er starfsleyfið því einungis gefið út til fjögurra ára samræmi við gr. 12.1 í reglugerðinni.

Starfsleyfistillagan var auglýst í átta vikur á tímabilinu 6. febrúar til 3. apríl 2017 í

Lögbirtingarblaðinu, á vefsíðu Umhverfisstofnunar, í Víkurfréttum ásamt því að tillagan ásamt umsókn lá frammi á skrifstofu Reykjanesbæjar.

Auk umsagnar Heilbrigðisnefndar Suðurnesja barst ein önnur umsögn um starfsleyfistillöguna frá Óttari Yngvasyni.

### 2. Rökstutt álit stofnunarinnar á áhrifum hugsanlegrar mengunar á umhverfið.

Hér er um að ræða litla fiskeldisstöð með leyfi til að framleiða allt að 200 tonn árlega af laxi.

Frárennsli frá stöðinni er út í fjöru fyrir vestan stöðina.

Heimil heildarlosun á fosfór frá stöðinni er 14 kg/tonn af framleiddum fiski. Rekstraraðila er ekki heimil önnur losun á þeim efnum sem talin eru upp í listum I og II í viðauka reglugerða nr.

796/1999, um varnir gegn mengun vatns. Miðað við þessa heimild gæti heildar losun á fosfór frá stöðinni numið allt að 2,8 tonnum á ári. Lítil hætta er talin á uppsöfnun næringarefna í viðtaka þar sem um er að ræða fjöru með miklu brimi þar sem vatnsskipti eru hröð.

Samkvæmt 2. mgr. 9 gr. í reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skólþ, skal öllu skólpi sem veitt er til sjávar veitt minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra úr frá meðalstórstraumsfjörumörkum. Í 7. mgr. sömu greinar segir að ef ómögulegt sé vegna landfræðilegra aðstæðna að uppfylla ákvæði 2. mgr. er heimilt að leggja til aðrar lausnir sem viðkomandi heilbrigðisnefnd metur fullnægjandi að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar. Eins og fram hefur komið hér að framan er brim mikið í fjörunni við Kalmanstjörn og hefur rekstraraðila ekki reynst unt að uppfylla skilyrði 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 798/1999.

Samþykkti Heilbrigðisnefnd Suðurnesja á 258. fundi sínum undanþágu frá þessum skilyrðum.

#### Niðurstaða

Er það mat Umhverfisstofnunar að ekki sé hætta á uppsöfnun næringarefna frá starfseminni í viðtaka en þar sem ekki er af landfræðilegum orsökum hægt að uppfylla skilyrði 2. mgr. 9. gr.

reglugerðar nr. 798/1999 er ekki útilokað að nokkur uppsöfnun verði af næringarefnum við útrás frárennslisins í fjöruborðinu. Því mun þurfa að hafa sérstakt eftirlit með ástandinu í fjöruborðinu

við útrásina og er rekstraraðila gert að taka ljósmyndir af útrás frárennslis á sex mánaða fresti og senda eftirlitsaðila.

### 3. Úrvinnsla athugasemda.

#### Heilbrigðisnefnd Suðurnesja

Með vísan í gr. 8.2 í reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, var óskað eftir umsögn Heilbrigðisnefndar Suðurnesja (HES) um starfsleyfistillöguna. Umsögn HES barst 29. mars sl. og voru þar gerðar eftirfarandi athugasemdir:

1. Samkvæmt gr. 1.2 í tillögunni er veitt heimild til reksturs sláturhúss á staðnum. Stofnfiskur hf. að Kalmanstjörn er með gildandi starfsleyfi, gefið út af HES, fyrir fiskvinnslu til 20. desember 2024. Til að bregðast við þessari athugasemd er ákvæðið um rekstur sláturhús fellt niður ásamt gr. 3.7 um frárennslis frá sláturhúsi enda er starfsemin nú þegar með gildandi starfsleyfi heilbrigðisnefndar.
2. Í gr. 3.3 er kveðið á um að eldisvatn skuli uppfylla kröfur til fiskeldis. Óskað var eftir upplýsingum um á hvaða reglugerðarforsendum þessi grein væri byggð m.t.t. mengunarmála. Umhverfisstofnun hefur ákveðið að fella niður setninguna þar sem fjallað er um að eldisvatn skuli uppfylla kröfur til fiskeldis þar sem krafan á frekar við um heilbrigði fiska sem heyrir undir annað stjórnvald, þ.e. Matvælastofnun. Það sem eftir stendur af grein 3.3. er ekki byggð á reglugerðarforsendum heldur á skjali um bestu fánlegu tækni. Nú er vísað almennt í bestu fánlegu tækni (BAT) varðandi aðrar kröfur í greininni.

#### Óttar Yngvason

Óttar Yngvason hæstaréttarlögmaður gerir fyrir hönd náttúruverndarfélagssins LAXINN LIFI, eigenda Haffjarðarár og Veiðifélags Breiðdælinga eftirfarandi athugasemdir:

1. Í starfsleyfistillögunni kemur ekki fram hvaða eldisstofn sé fyrirhugaður hjá fyrirtækinu og er óskað eftir að það sé tilgreint. Umhverfisstofnun fær ekki séð að munur verði á uppsöfnun lífrænna efna frá rekstrinum eftir því hvaða eldisstofn af laxi verði notaður enda er tilgangur starfsleyfa í fiskeldi að lágmarka uppsöfnun lífrænna efna í viðtaka og kveða á um aðrar mengunarvarnir. Því er ekki talin þörf á að tilgreina eldisstofn. Hvað varðar innflutning á frosnum sviljum frá Noregi 4. ágúst 2016 þá voru þau svil flutt í aðra stöð og munu þau ekki koma í stöðina í Kalmanstjörn og falla því ekki undir gildissvið þessa starfsleyfis. Sá stofn er alinn er í Kalmanstjörn heitir Stofnfiskur og er samansettur úr norsku stofnunum Bolaks og Mowie sem voru fluttir inn til Íslands á árunum 1981-1984.
2. Í gr. 1.2 segir heimilt sé að framleiða allt að 200 tonnum af laxahrognum og laxi til manneldis. Er þess krafist að greint sé á milli hversu mikil framleiðslan verði af hvoru. Ef um sé að tefla 200 tonn af laxahrognum sé ljós að árleg heildarframleiðsla sé sjálfsagt meiri en 1000 tonn og því háð umhverfismati. Umhverfisstofnun hefur farið yfir texta starfsleyfis og leiðrétt starfsleyfistillöguna. Framleiðsla á hrognum er ekki starfsleyfisskyld samkvæmt fylgiskjali 1. með reglugerð nr. 785/1999. Því var framleiðsla á hrognum tekin út úr gr. 1.2 í starfsleyfinu um umfang framleiðslunnar. Þau hrogn sem framleidd eru í stöðinni eru seld í aðrar starfsleyfisskyldar fiskeldisstöðvar þar sem áframeldið fer fram. Við gerð starfsleyfisins var haft samband við Skipulagsstofnun til að fá út því skorið hvort matskyldufyrirspurn ætti að fara fram. Svo er ekki þar sem ekki er um nýja starfsemi að ræða.
3. Athugasemd er gerð við að ekkert sé getið um varnir gegn sleppingum seiða úr stöðinni. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 3. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 1170/2015, um fiskeldi, á í rekstrarleyfi, gefnu út af Matvælastofnun, vera ákvæði um

varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir að fiskur sleppi vegna eldis eða flutnings og ákvæði um viðbragðsáætlun til að endurheimta fisk sem sleppur. Því er það ekki á valdsviði Umhverfisstofnunar að setja ákvæði um varnir gegn sleppingum seiða úr stöðinni heldur Matvælastofnunar.

Einnig fer Óttar fram á að starfsleyfistillagan verði auglýst að nýju eftir að tillit hefur tekið til framkominna athugasemda. Umhverfisstofnun telur ekki að auglýsa þurfi starfsleyfistillöguna að nýju þar skv. 24. gr. í reglugerð nr. 785/1999 á starfsleyfisumsóknin ásamt starfsleyfistillögu að vera aðgengileg hjá viðkomandi sveitarstjórn. Einnig á að auglýsa á tryggan hátt, s.s. í dagblaði eða staðarblaði að starfsleyfistillagan sé komin fram, hvers efnis tillagan sé og hvar hún liggi frammi. Einnig skal tilgreina frest til þess að gera skriflegar athugasemdir við tillöguna. Frestur til að gera skriflega athugasemdir við tillöguna skal vera átta vikur. Þessum fyrirmælum var framfylgt og verður því ekki séð að þörf sé á að tillagan verði auglýst að nýju enda breytingar á tillögunni eftir auglýsingu minniháttar.

#### 4. Breyting Umhverfisstofnunar

Ákvæðið var að bæta við gr. 4.3 ákvæði um að rekstraraðili skuli taka mynd af útrás frárennslis á sex mánaða fresti og senda eftirlitsaðila.